

Ísland, útnári Evrópusambandsins

Í útvarpsþættinum Krossgötum 9. Júní síðast liðinn fjallaði prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands um hið mikilvæga réttlætismál, jöfnun á vægi atkvæða til þess að efla lýðræði á Íslandi. Hann ræddi um að vægi atkvæða á landsbyggðinni væri meira heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Grundvallarregla lýðræðisins væri einn maður, eitt atkvæði. Ennfremur var bent á að þjóðin væri klofin í afstöðu gagnvart Evrópusambandsaðild, landsbyggð á móti og höfuðborg með. Gefið var í skyn að ef landsbyggðarþingmenn, sem hafa kúgað skoðanabræður sína í flestum flokkum með andstöðu sinni gegn inngöngu í Evrópusambandið, hefðu minna atkvæðavægi, fengju Evrópumálin sanna lýðræðislega meðferð og aðild okkar að Evrópusambandinu yrði nánast tryggð Íslendingum með réttu. Í þættinum var því haldið fram að fullkominn jöfnuður á vægi atkvæða myndi nást bráðlega.

Það er ávallt fagnaðarefni þegar lýðræðið er eflt og vonandi munum við áfram verða kyndilberar lýðræðislega framfara eftir væntanlega inngöngu okkar í Evrópusambandið. Þá tókum við vonandi virkan þátt í því að efla Evrópuþingið en það er að margra mati heldur valdalítil stofnun. Þar munum við væntanlega taka þátt í að berjast fyrir réttu vægi atkvæða, þannig að þær þjóðir sem fjölmennastar eru fái lýðræðislega sanngjarnt vægi. Vitað er að Þjóðverjar hafa lengi verið ósáttir við hversu litlu þeir ráði innan sambandsins. Þeir eru stærsta þjóð þess, en í Þýskalandi eru 82,2 milljón íbúar – og 16,4% allra íbúa sambandsins.

Við munum væntanlega leggjast á sveif með þeim öflum innan Evrópusambandsins sem krefjast tilsvareandi leiðréttingar innan alls stjórnkerfisins – þ.e. í nefndum og ráðum. Minnumst þess að fjölmennustu þjóðir Evrópusambandsins eiga langa sögu í fiskveiðum hér við land sem og víða annars staðar. Þetta eru m.a. Þjóðverjar, Bretar, Frakkar og Spánverjar.

Í Evrópu væri vægi Íslands í fólksfjöldanum jafnt vægi 180 manna hrepps á Íslandi. Kjósarhreppur og Ásahreppur eru dæmi um slíka hreppa. Ég man ekki hvort og þá hvenær þessir hreppar áttu síðast menn á Alþingi Íslendinga þrátt fyrir að þeir hafi um árabíl búið við hagstætt vægi atkvæða.

Á Íslandi búa rúmlega 300.000 manns. Í Evrópusambandinu eru tæplega 500 milljónir íbúar. Það eru 785 menn á Evrópusambandsþinginu. Auk þess eru 22 nefndir og 14 forsetar. Þjóðverjar eiga eingöngu 100 menn á þinginu, eða 12.7% þeirra. Ef vægi atkvæða ætti að vera rétt þyrfti að fjölga þingmönnum Þjóðverja um tæplega 30 manns. Við myndum eiga rétt á tæplega ½ þingmanni, og ættum því í besta falli rétt á að komast á annað hvert þing með okkar eina fulltrúa á Evrópuþinginu þegar vægi atkvæði hefur verið jafnað að fullu.

Rýr yrði hlutur okkar meðal Evrópusambandsþjóða og höfuðborgin okkar, örgrýtishreppur og útnári, bæði þegar horft er til staðsetningar, mannfjölda og hversu hátt við stöndum í virðingarstiganum þessa dagana.

Vífill Karlsson